

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2023, mánudaginn 27. mars, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2023:

Knattspyrnufélag Vesturbæjar
gegn

Knattspyrnusambandi Íslands, Kórdrengjum, Knattspyrnufélaginu Ægi, Knattspyrnufélagi Garðabæjar – KFG, Hvíta Riddaranum, Hamari og Knattspyrnufélaginu Álafossi.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélag Vesturbæjar
kt. 580906-1330
Framnesvegi 42, 101 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Stefán Karl Kristjánsson

Kærðu:

Knattspyrnusamband Íslands
kt. 700169-3679
Laugardalsvelli, 104 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Klara Bjartmarz

Kórdrengir

kt. 510419-1030
Fífuseli 13, 109 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Logi Már Hermannsson

Knattspyrnufélagið Ægir

kt. 590489-1239
Hafnarbergi 41, 815 Þorlákshöfn
Fyrirsvarsmaður: Guðbjartur Örn Einarsson

Knattspyrnufélag Garðabæjar – KFG

Kt. 710308-8170
Bæjargild 98, 210 Garðabæ
Fyrirsvarsmaður: Sindri Rósenkranz Sævarsson

Hvíti Riddarinn

kt. 640613-0840
Bugðutanga 13, 270 Mosfellsbæ

Fyrirsvarsmáður: Guðjón Svansson

Hamar

kt. 440592-2289

Íþróttamiðstöðinni, 810 Hveragerði

Fyrirsvarsmáður: Unnar Magnússon

Knattspyrnufélagið Álafoss

Kt. 590117-2180

Víðiteig 16, 270 Mosfellsbæ

Fyrirsvarsmáður: Ísak Orri Leifsson

Mál þetta var fyrst móttækið af skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands („KSÍ“) 24. febrúar 2023. Með úrskurði í máli nr. 4/2023, dags. 10. mars 2023, var málinu vísað frá. Ný kæra barst frá kæranda þann 13. mars 2023 með vísan til gr. 7.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með tölvupósti dags. 14. mars. Greinargerð barst frá kærða, KSÍ, þann 21. mars sl. Aðrir kærðu hafa ekki tekið til varna í málinu.

Kröfur:

Eftirfarandi kröfur eru hafðar uppi af hálfu kæranda:

- i) Þess er krafist að felld verði úr gildi sú ákvörðun stjórnar KSÍ frá 18. febrúar 2023 að taka ekki til greina þátttökutilkynningu Kórdregja vegna keppnistímabilsins 2023 og þess í stað að flytja Knattspyrnufélagið Ægi í Lengjudeild karla í stað Kórdregja.
- ii) Þess er krafist að staðfest verði að félagið Kórdregir hafi ekki uppfyllt skilyrði leyfiskerfis Knattspyrnusambands Íslands.
- iii) Þess er krafist að staðfest verði að Knattspyrnufélag Vesturbæjar skuli leika í Lengjudeild karla sumarið 2023.

II.

Ekki er ágreiningur milli aðila um málavexti og verða þeir eingöngu reifaðir stuttlega.

Þann 8. nóvember 2022 skiluðu Kórdregir inn staðfestingu um þátttöku í Íslandsmóti meistaraflokks karla 2023 og Lengjubikarnum 2023 á þar til gerðu eyðublaði. Um leið var félagið minnt á að þátttökutilkynningar í landsmót skyldu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Óundirrituð tilkynning Kórdregja um þátttöku í Íslandsmóti og mjólkurbikar barst KSÍ 14. janúar 2023. Í kjölfar þess var óskað eftir því við Kórdregi að félagið sendi inn tilkynningu sína undirritaða. Undirrituð þátttökutilkynning barst frá Kórdregjum 7. febrúar 2023. Í þátttökutilkynningu Kórdregja var Kaplakrikavöllur tilgreindur sem heimavöllur félagsins. Við eftirgrennslan barst skrifstofu KSÍ bréf frá knattspyrnudeild FH þann 16. febrúar sl. þar sem fram kom Kórdregir myndu ekki spila á Kaplakrikavelli í sumar.

Með tölvupósti til Kórdregja þann 16. febrúar var félagið upplýst um að FH hefði tilkynnt skrifstofu KSÍ um að Kórdregir væru ekki með heimavöll á Kaplakrikavelli líkt og fram kæmi í þátttökutilkynningu Kórdregja. Samkvæmt því væri félagið ekki með leikvöll fyrir keppnistímabilið 2023. Kórdregjum var gefið tækifæri á að tilkynna skrifstofu KSÍ um nýjan leikvöll sem uppfyllti vallarleyfi í keppni í Lengjudeild karla fyrir kl. 12:00 þann 17. febrúar. Var

félaginu gerð grein fyrir því að ekki yrði tilkynnt um nýjan leikvöll innan frestsins þá yrði þátttökutilkynning Kórdregja ekki tekin til greina skv. grein 13.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ekki bárust upplýsingar frá Kórdregjum um nýjan leikvöll innan fyrrgreinds frest.

Á fundi stjórnar KSÍ 18. febrúar 2023 var tekin ákvörðun um taka þátttökutilkynningu Kórdregja ekki til greina vegna keppnistímabilsins 2023 með vísan til greina 13.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Kórdregir hefðu ekki tilkynnt KSÍ um leikvöll fyrir mót sumarsins þrátt fyrir beiðni þar um. Var ákvörðun stjórnar birt á heimasíðu sambandsins sama dag. Ákveðið var með vísan greinar 23.1.11 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að Knattspyrnufélagið Ægir flyttist í Lengjudeild karla í stað Kórdregja.

III.

Af hálfu kæranda er þess aðallega krafist að felld verði úr gildi sú ákvörðun stjórnar KSÍ frá 18. febrúar 2022 að taka ekki til greina þátttökutilkynningu Kórdregja vegna keppnistímabilsins 2023 og þess í stað að flytja Knattspyrnufélagið Ægi í Lengjudeild karla í stað Kórdregjan. Þá er þess krafist af hálfu kæranda að staðfest verði að félagið Kórdregir hafi ekki uppfyllt skilyrði leyfiskerfis KSÍ. Loks er þess krafist af hálfu kæranda að staðfest verði að Knattspyrnufélag Vesturbæjar skuli leika í Lengjudeild karla sumarið 2023.

Kærandi telur að með ákvörðun sinni hafi stjórn KSÍ brotið reglur sambandsins. Hafi ómálefnalegar forsendur legið að baki ákvörðun stjórnarinnar. Af þeim sökum er Knattspyrnufélagi Vesturbæjar ómögulegt annað en að grípa til varna og kæra þessa ákvörðun.

Kæra beinist aðeins að ákvörðun stjórnar KSÍ og er kröfum kæranda aðeins beint að sambandinu. Engu að síður telur kærandi rétt að kæra jafnframt önnur þau félög sem beina hagsmuna geta haft af ákvörðun stjórnar. Er engum kröfum beint að umræddum félögum utan þess að staðfest verði að félagið Kórdregir uppfylli ekki skilyrði leyfiskerfis KSÍ. Félögin eiga hins vegar hagsmuna að gæta og því rétt talið að þau fái tækifæri til aðildar að kæru Knattspyrnufélags Vesturbæjar. Kærandi byggir á því að stjórn KSÍ hafi verið hin kærða ákvörðun óheimil enda fari hún gegn lögum sambandsins og reglugerðir.

Kærandi telur að stjórn KSÍ hafi verið óheimil ákvörðun um að hafna þátttökuleyfi Kórdregja nema á þeim forsendum einum að þeir standist ekki leyfiskerfi KSÍ fyrir knattspyrnumót sumarsins 2023. Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er skýr. Þar kemur fram í gr. 23.1.12. C

c. Ef sæti losnar í 1. deild vegna þess að umsókn um þátttökuleyfi var hafnað skal liðið sem féll úr deildinni árið áður og var í næstnæsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleysis í 1. deild, ella liðið sem varð í næsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 2. deild, o.s.frv.

Lið Kórdregja hafi sent inn lögmæta þátttökutilkynningu. Ætlar kærandi að stjórn KSÍ geti ekki einhliða tekið þá ákvörðun að afturkalla lögmæta þátttökutilkynningu án þess að tilgreina með skýrum hætti hvernig sú ákvörðun er fengin. Það sem meira er þá sé fullkomlega óljóst við hvaða ákvæði er stuðst. Kærandi telur að stjórn KSÍ geti ekki borið fyrir sig að óljóst hafi verið um vallarmál Kórdregja. Ljóst mátti vera að erfiðleikar voru hjá fyrirsvarsmönnum Kórdregja að manna lið þeirra. Höfðu þeir verið í samskiptum við nokkur félög um samstarfs. Eitt þeirra var lið FH. Höfðu Kórdregir samið við FH um afnot af velli félagsins til keppni en til umræðu var einnig að FH tæki yfir starfsmenni Kórdregja. Í það minnsta hafi verið ljóst að mótanefnd KSÍ hafði

samþykkt Kaplakrika sem leikvöll Kórdrengja og raðað leikjum félagsins þar. Fyrstu leikjum Kórdrengja í lengjubikar var hins vegar frestað. KSÍ hafði því samþykkt leikjafyrirkomulag Kórdrengja og vallarmál. Það var því stjórn KSÍ ómögulegt að halda því fram að félagið hefði ekki leikvang til umráða.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir í grein 23.11.1

Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í Utandeild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í efstu deild, 1., 2., 3., 4. eða 5. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjast upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þáttökuleysi hefur ekki verið veitt eða dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, skal þó farið eftir næstu grein, 23.1.12.

Kórdrengir drógu sig ekki úr keppni. Stjórn KSÍ vísaði ekki Kórdrengjum úr keppni. KSÍ birti frétt á heimasíðu sinni 18. febrúar þar sem segir:

Mótanefnd KSÍ fundaði á föstudag um stöðu Kórdrengja og knattspyrnumóta sumarsins 2023 og stjórn KSÍ fundaði um málið í dag, laugardag. Stjórn KSÍ hefur ákveðið að taka þáttökutilkynningu Kórdrengja ekki til greina og byggir ákvörðun sína á grein 13.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Það sé því ljóst að Kórdrengir drógu sig ekki úr keppni og að félaginu var ekki vísað úr keppni. Líkt og önnur lið höfðu Kórdrengir lagt fram þáttökutilkynningu í Íslandsmótið 2023. Grein 13.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót tilgreinir

Þáttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Félög sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og helmingur þáttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og uppibaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þáttökutilkynning ekki verið staðfest.

Enginn munur sé á þáttökutilkynningum liða, KR, KV, FH og Kórdrengja. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við þær tilkynningar. Hafði mótanefnd einmitt í trausti fyrrgreindra tilkynninga raðað leikjum félaganna niður. Því hafi ekki verið haldið fram að Kórdrengir hafi ranglega tilgreint Kaplakrika sem sinn heimavöll á þáttökutilkynningu sinni. Engar útskýringar hafa verið gefnar af stjórn KSÍ um það hvers vegna gr. 13.4. reglugerðar um knattspyrnumót hafi verið virkjuð. Aðeins er tilgreint að þáttökutilkynning Kórdrengja hafi ekki verið tekin til greina. Það er tiltekið að mótanefnd hafi fundað á föstudegi og síðan hafi stjórn KSÍ á fundi sínum tekið ákvörðun. Engar fundargerðir liggja fyrir. Engin bókun mótanefndar né heldur skýring á því af hverju stjórn KSÍ í yfirlýsingu sinni vísar til mótanefndar. Hvergi kemur það fram af hverju fyrrgreind ákvörðun var tekin, hverjir stóðu að þeirri samþykkt né heldur hvort fyrir lægi að KSÍ hafi rætt við hagsmunaaðila fyrir ákvörðunartöku. Eftir fréttatilkynningu KSÍ höfðu forsvarsmenn KV samband við KSÍ í leit að útskýringum. Til svara fyrir KSÍ voru þeir Birkis Sveinsson mótastjóri og Haukur Hinriksson lögmaður sambandsins. Þeir fullyrtu að þetta væri vegna þess að Kórdrengir höfðu tilkynnt Kaplakrika sem sinn heimavöll. Undraði þetta svar enda lá fyrir að athugasemdalaust höfðu leikir Kórdrengja í Lengjudeild verið settir á þann völl (fskj. d). Það sem meira er að 16. janúar hafði Birkir Sveinsson mótastjóri í viðtali við fotbolta.net staðfest þáttökutilkynningu Kórdrengja. Jafnframt að upplýst væri að félagið myndi spila í Kaplakrika og að félagið væri í viðræðum við FH um yfirtöku (fskj. a)

Í ljósi þeirrar fjölmiðlaumfjöllunar sem átti sér stað um Kórdrengi dagana fyrir ákvörðun stjórnar KSÍ mátti vera ljóst að leikir félagsins áttu að fara fram í Kaplakrika. Þetta staðfesti og Birkir

Sveinsson mótastjóri KSÍ sem lét hafa eftir sér í viðtali 16. febrúar „Ég hef heyrt í þeim og þeir hafa tilkynnt þátttöku. Þeir vita af sínum leikjum, ég veit ekki annað en að þeir mati til leiks gegn Blikum.“ (fskj. b)

Höfðu forsvarsmenn FH aldrei mótmælt því að leikir færu þar fram né heldur höfðu forsvarsmenn annarra liða aðrar væntingar um leikstað. Þá heyrðist ekki neitt frá KSÍ um að rangindi væru í þátttökutilkynningu Kórdrengja. Birkir Sveinsson tjáði hins vegar formanni KV í símtali að forsvarsmenn Ægis hefðu nokkrum sinnum haft samband við hann í þeim tilgangi að fá upplýsingar um stöðu liðs síns og möguleika að þeir tækju sæti Kórdrengja. Á sama tíma og þetta er í gangi þá eru gagnaskil vegna leyfiskerfis hjá félögum í efstu tveimur deildum karla. KSÍ tjáir forsvarsmönnum KV að Kórdrengir séu ekki að standa skil á þeim gögnum sem óskað er eftir í leyfiskerfinu, hvorki fyrir né eftir gefnar dagsetningar. Þó er ekki vísað sérstaklega til vallamála. Kórdrengir voru því ekki að skila inn gögnum sem skæru úr um þátttökurétt þeirra í mótum sumarsins innan leyfiskerfis KSÍ. Var því fyrirjácnalegt að Kórdrengir myndu ekki standast leyfiskerfi KSÍ. Ætlar kærandi því að það hafi ekki uppástaðið stjórn KSÍ að taka þá ákvörðun að hvort þátttökutilkynning Kórdrengja skyldi teljast ólögleg. Telur kærandi að stjórn KSÍ hafi í reynd búið til nýja reglu sem fer í bága við ákvæði 23.11.1 og 23.12. reglna um knattspyrnumót KSÍ. Það sem meira er að með þessari ákvörðun sinni þá ákvað stjórn KSÍ upp á sitt einsdæmi að velja það lið sem skyldi leika í Lengjudeild karla 2023. Engin málefnaleg sjónarmið liggja að baki ákvörðun þessari. Hún skortir lagastoð og er ekki í anda við reglur hins fagra leiks.

Stjórn KSÍ hefur enga heimild til þess að nýta sér gr. 13.4. reglugerðar um knattspyrnumót til þess að hafna þátttökutilkynningu byggt á leikstað. Sérstaklega þegar hvorki FH né heldur KSÍ höfðu fyrir ákvörðun stjórnar gert nokkrar athugasemdir við fyrrgreindan leikstað.

Hins vegar ef Kórdrengir standast ekki leyfiskerfi KSÍ, eins og raunin varð, þá er þeim meinud þátttaka á grundvelli þess. Þá um leið virkjast gr. 23.1.12.C og við það heldur Knattspyrnufélags Vesturbæjar sæti sínu í Lengjudeild karla 2023.

IV.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku og barst svar frá kærða KSÍ þann 21. mars sl.

Af hálfu kærða er gerð krafa um að kröfum kæranda verði hafnað.

Af hálfu kærða er byggt á því að sú ákvörðun að hafna þátttökutilkynningu Kórdrengja og ákveða að Ægir flyttist í Lengjudeild karla í stað Kórdrengja hafi verið í fullu samræmi við lög og reglugerðir KSÍ.

Kærða gerir í stuttu máli grein fyrir því ferli sem viðhaft er innan KSÍ, í samræmi við reglugerðir sambandsins, varðandi þátttöku félaga í landsmótum. Fyrst skuli félög sem eiga rétt til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður, sbr. grein 13.4 í reglugerðinni. Sem fyrr segir sendu Kórdrengir slíka staðfestingu 8. nóvember 2022 og snýr ágreiningur málsins ekki að þeirri staðfestingu. Því næst skuli félög skila inn þátttökutilkynningu skv. grein 13.4 reglugerðarinnar fyrir 10. janúar ár hvert. Þessar þátttökutilkynningar, sem taka til allra deilda og flokka félaga, eru svo metnar út frá þeim skilyrðum sem reglugerðir kveða á um, einkum reglugerðinni um knattspyrnumót. Ef þátttökutilkynning félags er tekin gild reynir í framhaldi á ákvæði leyfisreglugerðar KSÍ ef félag hefur tilkynnt um þátttöku í tveimur efstu deildum karla í meistaraflokki og efstu deild kvenna í meistaraflokki. Fyrstu

gagnaskil leyfiskerfisins eru 15. janúar ár hvert, en leyfisferlinu er annars nánar lýst í Viðauka I við leyfisreglugerðina.

Líkt er rakið sé í málavöxtum hafnaði kærða KSÍ að taka til greina þátttökutilkynningu Kórdregja samkvæmt 13.4. í reglugerðinni og skráði þá úr öllum mótum sumarsins 2023. Í þeirri ákvörðun felst að Kórdregjum var vísað úr keppni í skilningi fyrsta máls. greinar 23.1.11 í reglugerðinni. Ekki hafi verið um að ræða afleiðingu þess að þátttökuleyfi var ekki veitt eða dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, sbr. nánar síðar. Í því tilviki hefðu þá Kórdregir fallið niður í 2. deild skv. a-lið greinar 23.1.12 í reglugerðinni. Sem fyrr segir fella Kórdregir sig við þessa ákvörðun og grundvöll hennar, enda hafa þeir ekki leitast við að hnekkja henni fyrir aga- og úrskurðarnefnd innan frests skv. grein 7.1. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Því verður ekki séð að það sé vilji Kórdregja að leika í 2. deild og ekkert sem bendir til þess að þeir geti frekar stillt um liði og útvegað sér leikvöll í þeirri deild fremur en Lengjudeild. Kórdregir hafi ekki uppfyllt þátttökuskilyrði samkvæmt reglugerðinni og var vísað úr keppni á þeim grunni án formlegra athugasemda af þeirra hálfu. Hafi málið ekki varðað ákvæði leyfisreglugerðar á þessu stigi. Beri þegar af þessari ástæðu að hafna kröfum kæranda.

Í kæru er vísað til greinar 23.11.1 í reglugerðinni og ákvörðunar stjórnar kærða KSÍ 18. febrúar 2023 um að hafna að taka til greina þátttökutilkynningu Kórdregja og því haldið fram að Kórdregir hafi hvorki dregið sig úr keppni né verið vísað úr keppni. Í þessu felist væntanlega sá málalátibúnaður að í höfnun kærða KSÍ á þátttökuumsókn Kórdregja hafi hvorki falist að Kórdregir væru að draga sig úr keppni eða væri vísað úr keppni í skilningi greinar 23.11.1 í reglugerðinni. Kærða hafnar þessu og telur augljóst að með því að umsókn Kórdregja um þátttöku væri hafnað hafi þeim verið vísað úr keppni í skilningi framangreinds ákvæðis. KSÍ vísar í þessu sambandi til þess að sama orðalag er notað varðandi afleiðingar þess að þátttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða er dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, sem kærandi byggir á að hafi átt að vera tilfellið. Þannig segir í þriðja máls. greinar 23.1.11 að ef slíkt, þ.e. ef lið dregur sig úr keppni eða er vísað úr keppni, er afleiðing þess að þátttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða er dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, þá skuli fara eftir grein 23.1.12. Þannig verður hvorki reglu 23.1.12 C, né almennri reglu annars máls. greinar 23.1.11, beitt nema lið hafi dregið sig úr keppni eða verið vísað úr keppni í skilningi síðastnefndu greinarinnar. Framangreind málsástæða kæranda sé þannig haldlaus.

Verði lögmæti ákvörðunar kærða KSÍ gagnvart Kórdregjum tekin til endurskoðunar þrátt fyrir framangreint er ljóst að hún stóðst öll lög og reglugerðir KSÍ. Samkvæmt grein 17.1.7 í lögum KSÍ fer stjórn sambandsins með yfirumsjón með landsmótum. Ákvörðunin var því innan valdsviðs stjórnar KSÍ og virðist svo sem ekki um það deilt. Samkvæmt grein 18.1 í reglugerðinni skuli leikir í knattspyrnumótum á vegum KSÍ fara fram á leikvöllum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Í grein 18.2 segir að félög skuli tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvallar sem félagið hyggst leika á fyrir 10. janúar ár hvert og jafnframt leikvallar til vara verði aðalleikvöllur óleikfær. Uppfylli leikvöllur félags ekki kröfur um lágmarksstærð skal umsókn þess um þátttöku í mótum á vegum KSÍ hafnað. Í samræmi við þetta sé gert ráð fyrir því í eyðublaði þátttökutilkynningar, sem skuli berast skrifstofu KSÍ fyrir 10. janúar á hvert, sbr. grein 13.4 í reglugerðinni, að félög tilgreini heiti og gerð heimavallar (keppnisvallar í meistaraflokki) sem og annan til vara verði aðalvöllur óleikfær. Samkvæmt síðastnefndu ákvæði verða þátttökutilkynningar ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar. Af framangreindum greinum 18.2 og 13.4 í reglugerðinni leiði að hafna verði umsókn um þátttöku ef félag hefur ekki yfir að ráða leikvelli sem uppfyllir kröfur um lágmarksstærð skv. grein 7.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga til að tilgreina í þátttökutilkynningu.

Í þátttökutilkynningu Kórdrengja var Kaplakrikavöllur, sem er heimavöllur FH, tilgreindur sem heimavöllur félagsins. Í samræmi við hefðbundið verklag hjá kærða KSÍ var borið undir FH hvort Kórdrengir hefðu heimild félagsins til að leika á vellinum í komandi landsmótum. FH hafi svarað því neitandi. Kórdrengjum hafi verið í framhaldinu veittur frestur til að tilkynna KSÍ um nýjan leikvöll sem uppfyllti tilskildar kröfur. Slík tilkynning hafi ekki borist innan frests (og hafi heldur ekki borist eftir hann). Umsókn Kórdrengja um þátttöku í Íslandsmóti og mjólkurbikar hafi því verið hafnað og sú ákvörðun kærða KSÍ í fullu samræmi við greinar 13.4 og 18.2 í reglugerðinni.

Kærða KSÍ hafnar því sem virðist byggt á í kæru að félögum sé mögulegt að tilgreina hvaða leikvöll sem er í þátttökutilkynningu til að hún verði tekin til greina. Að sjálfsögðu verði félög að tilgreina í þátttökutilkynningu þann leikvöll sem félagið kemur til með að leika heimaleiki sína á í komandi Íslandsmóti. Þegar félag tilgreini leikvöll annars félags sem sinn heimavöll verði eðli málsins samkvæmt að kanna hvort fyrrnefnda félagið hafi heimild frá hinu síðarnefnda til að leika heimaleiki sína á leikvellinum á komandi sumri. Skilyrði greinar 18.2 í reglugerðinni væru algjör markleysa ef félög gætu tilgreint leikvöll hvaða félags sem er, óháð samþykki þess, í þátttökutilkynningu til að hún yrði tekin til greina. Í þessu sambandi hafnar kærða KSÍ því jafnframt að það hafi falist einhver viðurkenning í því að mótanefnd KSÍ hafði fyrsta kastið raðað heimaleikjum Kórdrengja á Kaplakrikavöll. Slíkt hafði ekkert með afstöðu kærða KSÍ til þátttökutilkynningar Kórdrengja að gera.

Þá er því hafnað sem segir í efnisgrein 34 í kæru að mótastjóri KSÍ hafi í viðtali við fótbolta.net „staðfest þátttökutilkynningu Kórdrengja“ og upplýst að „félagið myndi spila í Kaplakrika“. Kærandi vísar þessu til stuðnings til fréttar af vefsíðu fótbolta.net á fylgiskjali merktu „a“ með kæru. Af lestri þeirrar fréttar er augljóst að mótastjóri KSÍ staðfesti ekki annað í viðtali við fótbolta.net en að þátttökutilkynning Kórdrengja hafi borist. Vandséð er hvernig kærandi getur dregið aðrar ályktanir af fréttinni.

Þegar liði er vísað úr keppni í Íslandsmóti er almenna reglan sú að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan skuli flytjast upp um deild, sbr. fyrsti og annar másl. greinar 23.1.11 í reglugerðinni. Í samræmi við þessa meginreglu tók kærða KSÍ þá ákvörðun 18. febrúar 2023 að Ægir, sem lent hafði í 3. sæti 2. deildar árið 2022, flyttist í Lengjudeild karla í stað Kórdrengja.

Kærða KSÍ hafnar því, sem kærandi byggir á, að meina hafi átt Kórdrengjum þátttöku á grundvelli þess að félagið staðist ekki leyfiskerfi KSÍ. Kærða KSÍ lætur þess fyrst getið að það var ekki á færi stjórnar KSÍ að hafna þátttökuleyfi Kórdrengja á grundvelli leyfiskerfis KSÍ, heldur er slíkt á forræði sérstaks leyfisráðs sambandsins, sbr. 1. og 2. tölulið 7. gr. leyfisreglugerðar KSÍ. Kórdrengir skiluðu ekki inn tilskildum leyfisgögnum vegna leyfiskerfis KSÍ innan tilgreinds frests, sbr. fskj. nr. 3, og heldur ekki eftir frestinn ef því er að skipta. Því kom aldrei til álita að vísa Kórdrengjum úr keppni í Íslandsmóti á þeim grunni að þeir fengu „ekki viðeigandi stig af þátttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ“ svo notað sé orðalag greinar 23.1.12 í reglugerðinni sem kærandi byggir á að hafi átt að beita. Þar af leiðandi hafi aldrei komið til greina að beita c-lið ákvæðisins og láta liðið sem féll úr 1. deild árið áður og var í næstneðsta sæti, þ.e. kæranda, taka sæti Kórdrengja.

Kærða KSÍ áréttar að grein 23.1.12, sbr. þriðja málslið greinar 23.1.11, er undantekning frá fyrrnefndri meginreglu annars málsliðar greinar 23.1.11 um að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjist upp um deild þegar liði er vísað úr keppni. Því verði að skýra grein 23.1.12, sbr. þriðja málslið greinar 23.1.11, þröngt. Umrætt ákvæði, sem eigi aðeins við um efstu tvær deildir, taki aðeins til þeirra tilvika þegar félag fær ekki viðeigandi stig af þátttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ þar sem m.a. er tekið til skoðunar hvort leyfisumsækjandi hafi

aðgang að leikvangi sem uppfyllir öll lágmarksskilyrði – en ekki aðeins lágmarksstærð – til keppni á Íslandsmóti karla og kvenna. Meginregla annars málsliðar, sem gildi þvert á deildir, gildi í öllum öðrum tilvikum, þ. á m. þegar umsókn um þátttöku er hafnað þar sem félag hafi ekki yfir að ráða leikvelli sem uppfyllir kröfur um lágmarksstærð, sbr. áskilnað greinar 18.2 í reglugerðinni.

Ákvörðun um að hafna umsókn Kórdrengja hafi verið að öllu leyti í samræmi við reglur og afleiðingar þeirrar ákvörðunar einnig í samræmi við gildandi reglur. Kærða KSÍ telur því að ekki séu fyrir hendi nokkrar efnislegar ástæður fyrir því að fallast á kröfu kæranda í málinu og því beri að hafnað þeim.

V.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur kærandi nú uppi kröfur í þremur liðum gagnvart kærðu sem byggja á því að ákvörðun stjórnar KSÍ 18. febrúar 2023, að hafna þátttökutilkynningu Kórdrengja í Íslandsmóti meistaraflokks karla 2023 og Bikarkeppni KSÍ 2023, hafi verið óheimil og verði fallist á það, hvaða afleiðingar það eigi að hafa fyrir kæranda í málinu. Er af hálfu kæranda byggt á því að eingöngu hafi verið heimilt að hafna þáttökuleyfi Kórdrengja á þeim forsendum að liðið hafi ekki staðist leyfiskerfi KSÍ fyrir knattspyrnumót sumarið 2023 og það eigi að leiða til þess að lið kæranda skuli flutt upp í Lengjudeild karla fyrir sumarið 2023 í stað Knattspyrnufélagsins Ægis.

Í máli þessu reynir á samspil nokkurra ákvæða í reglugerðum KSÍ. Þar á meðal er ákvæði 23. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Í því ákvæði er að finna tvær mismunandi reglur sem gilda um endurröðun liða í Íslandsmót eftir því hvort liði er vísað úr móti (gr. 23.1.11) eða lið fær ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ (gr. 23.1.12).

Ef lið dregur sig úr keppni eða er vísað úr keppni er almenna reglan sú, skv. gr. 23.1.11, að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flyst upp um deild. Ef þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt skv. leyfiskerfi KSÍ, skal hins vegar farið með endurröðun þannig að liðið sem var í næstneðsta sæti viðkomandi deildar árið áður skal fært upp.

Í gr. 13 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er fjallað um þáttökurétt í mótum á vegum KSÍ. Í gr. 13.4 er fjallað um þáttökutilkynningar og kemur þar m.a. fram að þáttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og helmingur þáttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni og bikarkeppnum og ógreiddar skuldir fyrra árs.

Í gr. 18.1 í sömu reglugerð er kveðið á um að leikir í knattspyrnumótum á vegum KSÍ skuli fara fram á leikvöllum er uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Þá kemur fram í gr. 18.2 að félög skuli tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvallar sem viðkomandi félag hyggst leika á fyrir 10. janúar ár hvert. Þá kemur fram að ef leikvöllur félags uppfylli ekki kröfur um lágmarksstærð skuli umsókn þess um þátttöku í mótum á vegum KSÍ hafnað.

Líkt og greinir að framan tilgreindu Kórdrengir í þáttökutilkynningu sinni, dags. 7. febrúar 2023, að Kaplakrikavöllur, sem er heimavöllur FH, yrði heimavöllur félagsins. Það reyndist ekki rétt, sbr. staðfesting FH, dags. 16. febrúar 2023, þar sem fram kom að Kórdrengir myndu ekki spila á Kaplakrikavelli sumarið 2023. Þrátt fyrir áskoranir þess efnis, var ekki bætt úr framangreindum

ágalla á þátttökutilkynningu Kórdregja og félagið þar af leiðandi ekki með tiltækan leikvöll af lágmarksstærð líkt og áskilnaður er gerður um í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Þá liggur enn fremur fyrir að þau gjöld, sem tilgreind eru í gr. 13.4 í sömu reglugerð, voru og hafa ekki verið greidd.

Af framangreindu má ljóst vera að þátttökutilkynning Kórdregja frá 7. febrúar 2023 uppfyllti ekki þann áskilnað sem gerður er í gr. 13.4, sbr. og gr. 18.2 í reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í samræmi við skýran áskilnað gr. 13.4 bar kærða, KSÍ, að bregðast við með þeim hætti að taka ekki þátttökutilkynningu til greina.

Samkvæmt gr. 17.1.7 í lögum KSÍ fer stjórn KSÍ með yfirumsjón með landsmótum. Undir það falla m.a. Íslandsmót Lengjudeildar karla og Mjólkurbikarkeppni KSÍ. Verður því talið að stjórn KSÍ hafi verið til þess bær að fjalla um þátttökutilkynningu Kórdregja og álitafni henni tengdri.

Í málinu liggur fyrir fundargerð stjórnar KSÍ, dags. 18. febrúar 2023, þar sem fjallað var um málefni Kórdregja og ákvörðun tekin, að fenginni tillögu mótanefndar, að taka ekki til greina þátttökutilkynningu Kórdregja þar sem nauðsynlegar upplýsingar skv. reglugerðum KSÍ hafi ekki fylgt henni og hafna þar með beiðni Kórdregja um þátttöku í Íslandsmóti Lengjudeildar karla og í Mjólkurbikarkeppni KSÍ.

Þrátt fyrir að í framangreindri bókun stjórnar KSÍ hafi ekki komið fram berum orðum að Kórdregjum væri vísað úr keppni í Íslandsmóti Lengjudeildar karla og Mjólkurbikarkeppni KSÍ, verður engu að síður telja að í þeirri ákvörðun að taka ekki til greina þátttökutilkynningu Kórdregja og hafna beiðni þeirra um þátttöku í Íslandsmóti Lengjudeildar karla og í Mjólkurbikarkeppni KSÍ hafi falist að félaginu væri vísað úr keppni í báðum þessum mótum. Fær það enda stöð í orðalagi gr. 13.4 og 18.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Að framangreindu virtu bar stjórn KSÍ, við endurröðun liða vegna brottfalls Kórdregja, að miða við hina almennu reglu í gr. 23.1.11 og var Ægir því réttilega fluttur upp um deild í Lengjudeild karla.

Með vísan til alls framangreinds er hafnað þeirri kröfu kæranda að fella úr gildi þá ákvörðun stjórnar KSÍ frá 18. febrúar 2023 að hafna að taka til greina þátttökutilkynningu Kórdregja vegna keppnistímabilsins 2023 og þess í stað að flytja Knattspyrnufélagið Ægi í Lengjudeild karla í stað Kórdregja. Með því að fyrsta kröfulið kæranda er hafnað verður jafnframt hafnað þriðja kröfulið kæranda um að staðfest verði að Knattspyrnufélag Vesturbæjar skuli leika í Lengjudeild karla sumarið 2023.

Um veitingu þátttökuleyfa, og eftir atvikum synjun þeirra, fer eftir leyfisreglugerð KSÍ.

Samkvæmt gr. 7.1 í leyfisreglugerðinni er það eingöngu á færi Leyfisráðs að úrskurða um hvort veita skuli umsækjanda viðeigandi þátttökuleyfi á grundvelli þeirra gagna sem lögð eru fram innan viðeigandi tímamarka. Verður að telja það grunnforsendu til að Leyfisráð geti úrskurðað í máli tiltekins aðila, að viðkomandi aðili hafi áður skilað inn gildri þátttökutilkynningu. Myndi það enda engum tilgangi þjóna fyrir Leyfisráð að fjalla um málefni félags er engum gögnum hefði skilað og lægi ljóst fyrir að uppfyllti ekki þau grunnskilyrði sem reglugerð um knattspyrnumót setur fyrir þátttökurétti í mótum á vegum KSÍ.

Í gr. 7.3 í leyfisreglugerðinni kemur svo fram að það sé á færi Leyfisráðs að taka endanlega og bindandi ákvörðun um hvort veita skuli þátttökuleyfi eða hafna því. Í gr. 2.1 í reglugerð KSÍ um

aga- og úrskurðarmál kemur fram að öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ skuli rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum skv. lögum og reglugerðum KSÍ. Með vísan til gr. 7.3 í leyfisreglugerð KSÍ er ljóst að endanlegt úrskurðarvald er varðar veitingu þátttökuleyfis hefur verið falið Leyfisdómi. Er því ljóst m.t.t. gr. 2.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að aga- og úrskurðarnefnd hefur ekki úrskurðarvald um það hvort þátttökuleyfi skuli veitt eða því hafnað. Þegar af þeirri ástæðu ber að vísa frá öðrum kröfulið kæranda þar sem þess er krafist að staðfest verði að félagið Kórdrengir hafi ekki uppfyllt skilyrði leyfiskerfis KSÍ.

VI.

Úrskurðarorð:

Kröfum kæranda í fyrsta og þriðja kröfulið er hafnað. Kröfu kæranda skv. öðrum kröfulið er vísað frá.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]